

Mál nr. 392/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. nóvember 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 12. desember 2022, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M nr. 1, dags. 13. desember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M nr. 2, dags. 28. desember 2022, ásamt fylgiskjöllum.
5. Tölvupóstur V dags. 3. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að í júlí 2022 hafi starfsmenn X sett niður gulan stein með röri og skilti á akbraut fyrir utan húsnæði M í Reykjavík. Umrætt skilti tengist merkingum vegna framkvæmda í aðliggjandi götu. M hafi ásamt a.m.k. fjórum öðrum ekið á skiltið þar sem það var staðsett sunnan megin við innkeyrslu að húsi M. Lögregla var kölluð á vettvang og liggur skýrsla hennar fyrir í málinu. Eftirlitsaðili á verkstað hafi fjarlægt skiltið eftir að M hafði samband við hann og upplýsti um tjónið. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna sjálfsábyrgðar sem hún þurfti að greiða vegna tjóns á bifreið sinni. Byggir M kröfu sína á því að merkingar hafi ekki verið samkvæmt útgefnu og samþykktu merkingaráætlun. Á merkingaráætlun er sýnt skilti á öðrum stað en það var staðsett þ.e. norðan megin við innkeyrslu að húsi M en ekki sunnan megin þar sem skiltið var staðsett er tjónið varð. Ekki hafi verið aflað sérstaks afnotaleyfis frá Reykjavíkurborg fyrir skilti á akbrautina sunnan við innkeyrslu að húsi M og telur M að með því að setja skiltastein og skilti þarna í óleyfi hafi X valdið henni tjóni sem V beri að bæta úr ábyrgðartryggingu X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins þar sem allar merkingar hafi verið í samræmi við útgefið afnotaleyfi og merkingaráætlun sem samþykkt var af Reykjavíkurborg. Skiltið sem ekið var á er merkt inn á merkingaráætlun þá sem verkfræðistofa vann fyrir X og var samþykkt af Reykjavíkurborg. Er það afstaða V að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að tjón á bifreið M sé að rekja til saknæmrar og ólögsmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem það beri skaðabótaábyrgð á. Engin gögn liggi fyrir um að starfsmenn X hafi gengið óforsvaranlega frá skiltinu.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að skiltið hafi verið staðsett á röngum stað og að eftirlitsaðili með framkvæmdum hafi ekki sinnt skyldu sinni. Ástæða þess að þessi staðsetning var ekki valin til merkinga var vegna þess að við útkeyrsluna er hár veggur sem skyggir alfarið á merkið. Tjónið hafi orðið þar sem sett var niður föst hindrun í óleyfi á akbraut þétt við innkeyrsluna. Þar sem innkeyrslan er rúmum metra hærri en akbrautin var skiltasteinninn neðan við sjónlínu þegar bakkað var út úr innkeyrslu hússins. Rörið er aðeins 5 sentimetrar í þvermál og skiltið sem snýr í austur og vestur var þannig mjórri séð úr austri þ.e.a.s. frá innkeyrslunni.

Í viðbótarathugasemdum V leggur það áherslu á að sök verði ekki lögð á X á þeim grundvelli að skiltið sé ekki staðsett nákvæmlega á þeim punkti sem það er staðsett í samþykktu merkingaráætlun enda verður hún ekki skilin þannig að skiltið eigi að vera á nákvæmlega þeim punkti sem það er staðsett á. Starfsmenn X þurfi við útfærslu að taka tillit til nærumhverfis og staðsetja skiltið í samræmi við það. Vísar V til almennrar aðgæsluskyldu ökumanna í 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 20. gr. laganna sem kveður á um að ökumaður sem ekur ökutæki aftur á bak skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Að lokum vísar V til 3. mgr. 26. gr. sem kveður á um að ökumenn skuli veita umferð hvarvetna forgang þegar ekið er inn á veg af bifreiðastæði.

Álit.

Sönnunarbyrði fyrir því að tjón M verði rakið til athafna eða athafnaleyfis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Í málinu liggur fyrir að X fékk framkvæmdaleyfi vegna umræddra framkvæmda

og að samkvæmt korti yfir vinnusvæðamerkingar bar X að staðsetja skilti nálægt húsi M, þó ekki nákvæmlega á þeim stað sem það var staðsett, heldur nokkrum metrum norðar. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 492/2009 um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg skal umferðarmerkjum þannig komið fyrir að þau séu stöðug, vel sýnileg og ekki hættuleg fyrir starfsmenn eða vegfarendur. Af ljósmyndum í lögregluskýrslu sem og af skoðun nefndarmanna á myndum af kortavef Google verður ekki annað séð en að skiltið hafi verið sett niður á þann stað sem almennt ætti að teljast öruggur fyrir vegfarendur þ.e. upp við gangstéttarkant við enda bifreiðastæða við götuna og ekki fyrir innkeyrslum húss M eða nágrannahúss M. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmönnum X hafi borið að staðsetja skiltið nákvæmlega á þeim stað sem það var teiknað á yfirlitskortu vinnusvæðamerkinga né að skiltið, sem er svokallað H-merki, hafi ekki verið í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995. Umrætt skilti var appelsínugult að lit og var fest á gult áberandi fótstykki og hefði því ekki átt að dyljast M við akstur inn og út úr innkeyrslu hússins. Eftirlitsaðili framkvæmdanna fjarlægði skiltið þegar honum var gert kunnugt um tjónin. Samkvæmt öllu framansögðu hefur M því ekki tekist að fullnægja þeim sönnunarkröfum sem á henni hvíla og er ekki sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til atvika sem X ber bótaábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir